

## Verklagsregla um viðbrögð eftir að dómnefndarmaður, einn eða fleiri, hafnar veitingu doktorsnafnbótar eftir doktorsvörn

### 1. Tilgangur og gildissvið

Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að til staðar sé verklag eftir að dómnefndarfulltrúi, einn eða fleiri, hafnar veitingu doktorsnafnbótar eftir doktorsvörn. Verklagsreglan gildir fyrir öll fræðasvið Háskóla Íslands.

### 2. Ábyrgð

Miðstöð framhaldsnáms ber ábyrgð á að verklagsreglan sé rétt á hverjum tíma. Deildarforsetar og verkefnisstjórar doktorsnáms bera ábyrgð á að unnið sé samkvæmt henni.

### 3. Framkvæmd doktorsvarnar

Doktorsvörn við Háskóla Íslands er próf þar sem andmælendur meta frammistöðu nemandans í fræðilegu samtali. Doktorsritgerðin hefur þegar verið metin tæk til doktorsvarnar og andmælendur skilað umsögn því til staðfestingar. Deildarforseti stýrir doktorsvörn. Að lokinni munnlegri vörn ákveður dómnefnd, það er deildarforseti og andmælendur, hvort veita skuli doktorsnafnbót.

#### 3.1 Veitingu doktorsnafnbótar hafnað að lokinni doktorsvörn

Ef niðurstaða dómnefndar er að hafna veitingu doktorsnafnbótar að lokinni doktorsvörn tilkynnir deildarforseti niðurstöðuna og slítur athöfninni.

#### 3.2 Dómnefnd ósammála um hvort veita skuli doktorsnafnbót að lokinni doktorsvörn

Ef dómnefnd er ósammála um hvort veita skuli doktorsnafnbót að lokinni vörn er doktorsnefnd ávallt kölluð til ráðgjafar fyrir dómnefndina við ákvörðunartökuna. Aðeins doktorsnefndarfulltrúar sem viðstaddir eru vörnina eru tilkallaðir. Ef dómnefnd hefur ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu innan við klukkustund eftir að doktorsnefnd er tilkölлуð, er það meirihluti dómnefndar sem ræður hvort veita skuli doktorsnafnbót eða hafna. Atkvæði dómnefndarmanna gilda jafnt. Minnihluti dómnefndar skal skila séráliti. Deildarforseti tilkynnir niðurstöðuna og slítur athöfninni.

#### 3.3 Dómnefnd sammála um veitingu doktorsnafnbótar að lokinni doktorsvörn

Ef dómnefnd er sammála um að veita skuli doktorsnafnbót að lokinni doktorsvörn tilkynnir deildarforseti doktorsefni og viðstöddum áheyrendum varnarinnar niðurstöðu dómnefndar og slítur athöfninni.

### 4. Eftir höfnun doktorsnafnbótar

Ef hafnað er að veita doktorsnafnbótina er doktorsefni heimilt að þreyta doktorspróf aftur innan árs, þó eigi fyrr en eftir tvo mánuði frá höfnun; standist hann þá ekki prófið hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að gangast oftari undir það. Við endurtekningu skal þreyta doktorspróf með hefðbundnu fyrirkomulagi og sömu andmælendum og höfnuðu veitingu doktorsnafnbótar, nema viðkomandi fastanefnd ákveði annað. Samþykki fastanefndar fyrir vörn á doktorsritgerð fellur úr gildi 12 mánuðum eftir höfnun á veitingu doktorsnafnbótar að lokinni doktorsvörn. Að þeim tíma liðnum er doktorsritgerðin ekki tekin til varnar við Háskóla Íslands.

Sérstakt gjald er tekið fyrir endurtökupróf samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs, samkvæmt 57. gr. reglna HÍ nr. 569/2009.